

Nd. **291. Frumvarp til laga** [138. mál]

um breyting á lögum nr. 35 frá 1960, um lögheimili.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Benedikt Gröndal, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Svo skulu og íslenskir ríkisborgarar, sem gegna störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands og taka laun úr ríkissjóði, og þeir íslenskir ríkisborgarar, sem eru starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, eiga lögheimili á Íslandi, þar sem lögheimilið var, er þeir fóru af landi brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu eina, að íslenskir starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, haldi lögheimili sínu hér heima þrátt fyrir búsetu erlendis, en sú regla gildir nú um starfsmenn í utanríkisþjónustu Íslands. Virðist sanngjarnt, að íslenskir starfsmenn alþjóðastofnana njóti sömu aðstöðu að þessu leyti.